



KVENFÉLAG GARÐABÆJAR

Mál nr.2003235

Bæjarstjórinn í Garðabæ
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Samkomulag um skil á rekstri samkomuhússins að Garðaholti

Stjórn Kvenfélags Garðabæjar samþykkti þann 30.04.2021 meðfylgjandi drög að samkomulagi milli Garðabæjar og Kvenfélagsins um skil á rekstri samkomuhússins að Garðaholti. Í grunninn er stuðst við drög bæjarritara sem bárust stjórn þann 24. apríl sl.

Stjórn félagsins þakkar jákvæð viðbrögð bæjarins við ósk félagsins um að losa Kvenfélagið undan rekstri á samkomuhúsinu á Garðaholti, enda ekki æskilegt að Kvenfélagið gangist fyrir slíkum rekstri.

Þann 8. mars 1953 var Kvenfélag Garðabæjar stofnað á Garðaholti, sem allar götur síðan hefur verið heimili og athvarf félagsins. Í um fimm áratugi hefur Kvenfélagið og Garðabær haft með sé samkomulag sem endurnýjað hefur verið reglulega með umsjón á Garðaholti.

Kvenfélag Garðabæjar hefur ætíð átt góð samskipti við bæjarfélagið og í sameiningu staðið að ýmsum atburðum fyrir bæjarbúa s.s. kaffihlaðborð á dagskrá 17. júní hátíðarhalda, spilakvöld fyrir eldri borgara og veitt styrki s.s. kaup á tækjum og búnaði. Kvenfélagið mun eftir sem áður veita styrki til samfélagsins.

Garðabæ, 30. apríl 2021

Virðingarfyllt

Fh. Kvenfélags Garðabæjar

Sigurbjörg Helena Jónsadóttir, formaður